



Frístundamiðstöðin Miðberg

Starfsáætlun 2019-2020



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit:

Inngangur	3
Skipurit Miðbergs	4
Hlutverk/leiðarljós/gildi Miðbergs.....	5
Hlutverk Miðbergs	5
Gildi Miðbergs	5
Stutt greinargerð framkvæmdastjóra um starfið á síðasta ári	6
Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar	7
Áskoranir, markmið og aðgerðir.....	8
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins.....	14
Samstarf	14
Jafnréttisáætlun frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs	15
<i>Framkvæmdaáætlun veturinn: 2019-2020.....</i>	<i>15</i>

Inngangur

Frístundamiðstöðvar skóla- og frístundasviðs (SFS) starfa eftir Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun. Frístundamiðstöðvarnar vinna jafnframt út frá Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025, en leiðarljós hennar er að Reykjavíkurborg bjóði upp á fjölbreytta og heilsueflandi frístundaþjónustu sem hvetur til virkrar þátttöku, sköpunar og betra samfélags. Starfskrá frístundamiðstöðva SFS (2015) er svo kjölfesta þess starfs sem fram fer á vegum frístundamiðstöðva og skipar veigamikinn sess, ásamt starfsáætlun ár hvert, við framkvæmd og skipulag frístundastarfs fyrir börn og unglinga í Reykjavík.

Til viðbótar við þessi stefnu skjöl sem frístundamiðstöðvarnar vinna eftir er tekið mið af lögum og reglugerðum, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknnum á stöðu barna og unglinga í hverfinu.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera starf frístundamiðstöðva markvissara með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf frístundamiðstöðvarinnar gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.


Frístundamiðstöðin Miðberg stendur fyrir fjölbreyttu frístundastarfi fyrir börn og unglinga á aldrinum 6 – 16 ára í Breiðholti. Miðberg stendur einnig fyrir ýmsum verkefnum sem stuðla að því að styrkja félagsauð hjá íbúum hverfisins á öllum aldri. Hjá Miðbergi starfa um 130 starfsmenn en af þeim eru 30 í fullu starfi. Starfsstaðir Miðbergs eru sjö frístundaheimili og fjórar félagsmiðstöðvar. Starfsmannahópur Miðbergs er með fjölbreytta menntun, reynslu og ólíkan bakgrunn. Verkefni starfshópsins eru fjölbreytt og mörg verkefnanna kalla á sérhæfingu og sérþekkingu.

Í starfi Miðbergs er lögð áhersla á að börnum og unglingum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi sem tekur mið af aldri þeirra og þroska. Miðberg styður við menningu og listsköpun barna og unglinga með smiðjum og viðburðum þar sem unnið er með leiklist, tónlist, hönnun og kvikmyndagerð. Miðberg er virkt í ýmsum samstarfsverkefnum í Breiðholti með áherslu á að styrkja félagsauðinn í hverfinu. Helstu samstarfsaðilarnir eru Þjónustumiðstöð Breiðholts, grunnskólar, leikskólar og íþrótt- og félagasamtök í hverfinu. Eitt af markmiðum starfsáætlunar 2019-2020 er að auka framboð af hópastarfi í öllu starfi frístundamiðstöðvarinnar. Einnig verður augin áhersla á lista- og menningarstarf annarsvegar og heilsu og hreyfingu hinsvegar með þátttöku í verkefninu heilsueflandi Breiðholt. Miðberg leggur áherslu á lýðræðislega starfshætti og aðferðafræði reynslunáms í starfi með börnum og unglingum.



Starfsáætlunin gildir frá 1. september 2019 og gildir til 31. ágúst 2020. Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar gera aðgerðaráætlanir fyrir starfsárið út frá starfsáætlun frístundamiðstöðvarinnar.

Skipurit Miðbergs



Hlutverk/leiðarljós/gildi Miðbergs

Í Starfsskrá frístundamiðstöðva er hlutverk frístundamiðstöðva rammað inn með leiðarljósi, uppeldisgildi og lykilmæni í frístundastarfi sem eru eftirfarandi:

Leiðarljós í frístundastarfi

Virk þátttaka – Reynslunám – Lýðræði – Mannréttindi – Forvarnarstarf

Uppeldisgildi frístundastarfs

Forvarnargildi – Menntunargildi – Afþreyingargildi

Lykilmæni í frístundastarfi

Sjálfsmynd – Umhyggja – Félagsfærni – Virkni og þátttaka

Hlutverk Miðbergs

- Að stuðla að fjölbreyttu félags- og tómstundastarfi meðal barna og unglunga í hverfinu.
- Að styrkja félagsþroska, virkni, ábyrgð, sjálfsmynd og sjálfstæði barna og unglunga í hverfinu.
- Að efla og þróa fagumhverfi frítímaþjónustu í Breiðholti.
- Að efla og þróa samstarf við aðra þá aðila sem þjónusta börn og unglunga í hverfinu.

Gildi Miðbergs

1. Góður starfsandi. Gleði, væntumþykja og jákvæðni.
2. Virðing. Fögnum fjölbreytileika og berum virðingu fyrir náunganum.
3. Samvinna. Grunnurinn að góðri samvinnu er heiðarleiki, traust og ábyrgð.
4. Mannréttindi. Jafnrétti og lýðræði.
5. Faglegt starf. Unnið með metnaði að faglegu starfi, forvörnum og frjálsum leik.
6. Öryggi. Skapa öruggt umhverfi fyrir bæði starfsfólk og skjólstæðinga.
7. Frumkvæði. Lögð áhersla á sköpun, virkni mannauðs og frumkvæði í starfi.



Stutt greinargerð framkvæmdastjóra um starfið á síðasta ári

Frístundamiðstöðin Miðberg ber ábyrgð á öllum rekstri frístundaheimila og félagsmiðstöðva í Breiðholti. Í félagsmiðstöðvastarfi hefur þátttaka verið mjög góð. Dagskrá félagsmiðstöðvanna er alfarið í höndum unglínganna. Boðið var upp á fræðslu einu sinni í mánuði og stórfundir haldnir einu sinn í mánuði þar sem dagskráin var ákveðin. Forstöðumenn og aðstoðarforstöðumenn sáu um kennslu í lífsleikni og sjálfseflingu í 8. og 9. bekk í öllum grunnskólum í Breiðholti, þá komu þeir inn með kynfræðslu fyrir 8. og 9. bekk í Seljaskóla og kvikmyndakennslu í 9. og 10. bekk í Selja- og Ölduselsskóla. Bætt var í við opnun í starf fyrir tíu-12 ára og var mjög góð mæting, sérstaklega á föstudögum. Hópastarfið hjá okkur gekk vel þegar það var í formi kennslu á skólatíma en einnig vorum við með fleiri hópa eftir að skóladegi lauk. Dungeon and dragons klúbburinn sló í gegn. Í Hellinum, sértækri félagsmiðstöð var mikil fjölgun barna milli ára og gekk illa framan af vetri að fullmanna starfseminna en ekki var fullmannað fyrr en í byrjun febrúar. Áfram var haldið með að aldurskipta starfseminni, 5.-7. bekk og 8.-10. bekk með sérrými og aðgang og mikil ánægja með það. Þátttaka Hellisins í opnu starfi félagsmiðstöðva gekk mjög vel en markviss þátttaka þeirra frá 10 ára aldri í opnu félagsmiðstöðvarstarfi er sannarlega að skila sér.

Ungmennaráðið hélt opinn stórfund fyrir alla unglínga í Breiðholti í október til að kynna ráðið og fá inn nýja meðlimi. Það gekk vel og skráðu sig sjö nýjir í ráðið. Þriðjudaginn 21. maí var ungmennaráðið tilnefnt sem Hverfishetja Breiðholts eftir margra ára starf í þágu fólks í hverfinu.

Frístundaheimili Miðbergs buðu upp á fjölbreytt starf árið 2018-2019. Helstu áherslur vetrarins voru í formi smíðja, klúbba og viðburða sem styðja við áherslur menntastefnunnar. Útinám, kvikmyndasmíðjur, leiklistarklúbbar, Breiðholt got talent, barnajóga, Vináttuteppi, tómskundaklúbbar og söngklúbbar voru verkefni sem boðið var upp á meðal annars í frístundaheimilunum. Afraksturinn skilaði sér til að mynda í útgáfu á bæklingi um útinám, kvikmyndahátíð í Sambíóunum þar sem frumsyndar voru 3 stuttmyndir og uppsetningu á leikritinu Ávaxtakörfunni og völdum atriði úr söngleiknum Grease. Þá var haldin hæfileikakeppni barna í leiklistarsal Breiðholtsskóla og vináttuteppi var frumsýnt á Barnamenningarhátíð. Fyrir starfsárið var lögð áhersla á að auka samstarf við skóla, leikskóla og foreldrafélög og gekk það vel.



Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar	Netkönnun 2019	Starfsmenn Miðbergs	Hækkum okkur í flestum þáttum. þarf að skoða álag og aðstæður starfsmanna.
Foreldrakönnun	Netkönnun 2019	Foreldrar barna í frístundaheimilum	Bæta upplýsingaflæði til foreldra
Ungt fólk 2019	Rannsókn og greining	Unglingar 8-10 bekkur	Veip notkun
Ungt fólk 2019	Rannsókn og greining	Börn 5-7 bekkur	Svefntími, skjátími, kvíði og einmannaleiki



1. Frístundastarfið/Barnastarf							
Þættir	Áskoranir/ markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
Látum draumana rætast	Samstarf	1. Réttindafrístund /Unicef 2. Leikskólar 3. Kynning til foreldra 1. bekkja	1. Deildarstjórar og forstöðumenn frístundaheila og félagsmiðstöðva 2-3. Deildarstjóri og forstöðumenn	Ágúst 2019	Maí 2020	1. Viðmið frá Unicef 2. Mat í samstarfi við leikskólastjóra 3. Bæklingur	2. Aukinskráning 3. Aukinskráning
Fjölbreytt og skemmtilegt	Nýta fjölbreytni mannauðs	1. Þekking starfsmanna 2. Starfsmenn fari á milli starfsstaða	1-2. Deildarstjóri og forstöðumenn	Sept. 2019	Ágúst 2020	1. Aukin nýting á mannauði 2. Aukin fjölbreytni í starfi	1. Aukin starfsánægja
Sköpun	Skapandi miðlun	1. Börnin haldi úti hlaðvarpi 2. Stop motion verkefni? 3. Fréttabréf	1-2. Forstöðumenn	Sept. 2019	Ágúst 2020	1. Ákveðin tíðni/hlustun 2-3. Afurð	1-3. Þekking barna á fjölmiðlum



Virk þátttaka	Barna-lyðræði	1.Kosningar og niðurstöður 2.Barnaráð	1-2. Deildarstjóri og forstöðumenn	Sept. 2019	Ágúst 2020	1. Myndrænt 2. Virkni	1. Niðurstöður og framkvæmd 2. Niðurstöður og framkvæmd
Félagsfærni	Hópa og vináttuþjálfun	1.Vináttuvikur	Deildarstjóri og forstöðumenn	Sept. 2019	Ágúst 2020	Ný vinátta	Aukin samskipti
Jöfnuður	Umræður og þátttaka	1.Hvað er að vera vinur 2.Kortleggja hverjir eru ekki í frístund	Deildarstjóri og forstöðumenn	2019	2020	Samskipti barna	Virðing og jöfnuður
Sjálfsefning	Markviss sjálfsefning arvinna í fámennu m hópum	1.Tilfinninga klúbbur - tilfinningalæsi 2. Styrkleikar og sjálfsefning 3.Hróshringur barna og starfsmanna	Deildarstjóri og forstöðumenn	2019	2020	Spurnin ga-könnun og þátttaka	Virðing og jákvæðni
Forvarnir, heilbrigði og lýðheilsa	Núvitund	1.Hugarró – slökun og jóga 2.Samflot 3.Listræn hugleiðsla með tónlist	Deildarstjóri og forstöðumenn	2019	2020	Þátttaka	Aukin núvitund og minni kvíði



Frístunda- læsi	Umhverfis læsi	1.Lært á nánasta umhverfi og náttúru	Deildarstjóri og forstöðu- menn	2019	2010	Samtal við börnin	Þekkin g og virðing
	Listrænt læsi	2.Listrænt ferli í sögustund					
		3.Lestrar samvera / sögustund					

2. Frístundastarfið/unglingastarf

Þættir	Áskoranir/ markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
Látum draumana rætast							
Fjölbreytt og skemmtilegt	Að virkja börn og unglinga í ábyrgð og frumkvæði	Að virkja börn og unglinga í fjölbreyttari dagskrá. Að fá þau til að hugsa um allan hópinn í dagskrárgerð.	Stjórnun dur félagsmi ðstöðva	15.ág úst	14.ág úst 2020	Ígrundun.	Aukin/ breiðari þátttaka í starfi. Mæting ar- dagbæk ur eru góður mælikva rði.
Sköpun	Starfsfólk, aðstaða og færni er áskorun. Markmið: Að nýta	Kortleggja áhugasvið þjónustuþega. Betrumbæta aðstöðu félagsmiðstöð va og aðgengi.	Deildars tjóri og forstöðu menn.	15.ág úst	1.jún í 2020	Ígrundun	Þátttaka .



	mannauðinn betur og auka færni starfsfólks.	Að finna áhugasviðs tengd námskeið fyrir starfsfólk sem nýtast í starfi.					
Virk þátttaka	Lýðræðisleg þátttaka allra.	Stórfundir og ungmennaráð sértækra félagsmiðstöðva.	Forstöð u- og aðstoða forstöðu menn	15.ágúst	1.jún í 2020	Ígrundun og skýrslur	Þátttaka og dagskrá.
Félagsfærni	Jákvæð samskipti. Áskorun er orðræða barna og ungmenna.	Lífsleikni og almennt starf	Allir	15.ágúst	14.ágúst 2020	Starfsman nfundir, ígrundun og skýrslur	Færri árekstrar
Jöfnuður	Áskorun: Tungumál og menningar- mismunur. Markmið: Að ná til allra óháð uppruna	Útbúa kynningarefni á fleiri tungumálum og nýta túlkapjónustu mun betur.	Framkvæmdastjóri og deildarsjórar	15.ágúst	14.ágúst 2020	Mætingar dagbók og skráningar.	Aukin þátttaka í starfi og á námskeiðum.
Sjálfsþing	Áskorun: Tilfinningavandi barna og unglunga. Markmið: Að þróa fjölbreyttar leiðir í að efla einstakling bæði í hóp og í opnu starfi.	Að virkja allt starfsfólk í þessari vinnu til dæmis í gegnum Yoga, sækja námskeið Stígamóta. (Bandamenn).	Forstöðumenn	1.sept	1.júlí 2020	Könnun og óformlegt spjall	Niðurstöður kannanna
Forvarnir, heilbrigði og lýðheilsa	Áskorun: Aukin áhættuhegðun Markmið: Aukin vitundarvakning og	Halda foreldrafundi í hverju hverfi fyrir sig um stöðu hverfisins.	Forstöðumenn	15. ágúst	14. ágúst 2020	Gegnum foreldrakannanir, þátttöku foreldra og	Niðurstöður kannanna, R&G könnun.



	foreldrasamstarf	Aukið hópastarf eftir þörfum.				kannanir í hópastarfi	
Læsi	<p>Áskorun: Félagslegt læsi, markaleysi.</p> <p>Markmið: Að auka félagslegt læsi</p>	Fá fjölbreyttar fræðslur, vinna markvisst að þessu málefni í gegnum hópastarf og nýta efni sem við eigum.	Stjórnendur	15. ágúst	14. ágúst 2020	Kannanir í hópastarfi og tilfinning starfsfólks í opnun starfi. Mætingar á fræðslur	Samskipi unglunga í félagsmiðstöðvum verði áþreifanlega betri.



3. Stjórnun, staðarbragur og mannauður

Þættir	Áskoranir/markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Fjármál	Árangursrík fjármál	Uppgjör 1xmán	Fjármálastjóri og framkvæmdastjóri	jan	jan	Lokið 15 hvers mánaðar	lokið
Mat á starfsemi	Meta innra starf	Taka upp nýtt innra mat	Framkvæmdastjóri	Haut 2020	Lýkur ekki	Verði tilbúið haust 2020	Allir starfstaðir taki upp innra mat
Húsnæðismál	Óvissa með framtíðar húsnæðismál	Komið verði 5 ára plan	Framkvæmdastjóri	Haut 2019	Haut 2020	Lokið	Framtíðarsýn er skýr



Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

Frístundamiðstöðin Miðberg hefur hlotið fjölda styrkja úr þróunar og nýsköpunarsjóð Menntastefnu Reykjavíkurborgar fyrir veturinn 2019 -2020. Styrkirnir skiptast í A- hluta Verkefni Miðberg og B- hluta samstarfsverkefni.

Í A-Hluta er frístundamiðstöðin Miðberg með sjö verkefni, þrjú í barnastarfi og fjögur í unglिंगastarfi.

Félagsmiðstöðvar Miðbergs eru með styrk fyrir því að koma á stofn hlutverkaspilaklúbb, rafíþróttaklúbb og Jóga og hugleiðsluklúbb. Frístundaheimilin eru með styrk fyrir Rithöfundaskólanum, samfloti og heilbrigður lífstíll. Hellirinn er með Lífsleikni.

Í B- hluta er Miðberg samstarfsaðili í fjórum verkefnum.

Það þarf heilt þorp. Verkefnið er samstarf um félagsfærni og sjálfseflingu og samvinna leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs í Bakkahverfinu í Breiðholti.

Föruneysi félagsmiðstöðvar. Tjörnin, Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, Lögreglan, Barnavernd, Kringlumýri, Ársel, Gufunesbær, Miðberg, allar félagsmiðstöðvar í Reykjavík.

Ungmennaráð sértækra félagsmiðstöðva í Reykjavík Miðberg, Gufunesbær, Kringlumýri, Tjörnin, Öryrkjabandalag Íslands.

Mikilvægi gagnreyndra aðferðar í félagsmiðstöðvastarfi. Kr. 500.000. Kringlumýri, Miðberg, Háskóli Íslands, Vinnuskólinn.

Samstarf

Skóla- og frístundaráð og velferðarráð hafa samþykkt að hefja sameiginlegt þróunarverkefni í Breiðholti, Betri borg fyrir börn. Verkefninu er ætlað að stuðla að markvissara samstarfi skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. Markmið verkefnisins er að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Færa á þjónustuna í auknum mæli í skólaumhverfi barna og ungmenna með aðferðum snemmtækra íhlutunar. Styðja á betur við starfsfólk í skóla- og frístundastarfi, færa stjórnun stofnana skóla- og frístundasviðs nær vettvangi og nýta fjármagn betur með sameiginlegum rekstri á sviði fjármála, mannvirkja og mannauðs.



Jafnréttisáætlun frístundamiðstöðvarinnar Miðbergs

Í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 skuldbindur frístundamiðstöðin sig til að fara eftir [Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar](#). Stefnan skal kynnt öllu starfsfólki á hverju hausti og vera sýnileg á heimasíðu frístundamiðstöðvarinnar. Forstöðumenn á starfstöðunum bera ábyrgð á að Mannréttindastefnunni sé framfylgt. Framkvæmdarstjóri ber aðalábyrgð ásamt deildarstjórum.

Að auki mun frístundamiðstöðin í samræmi við 22. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að börn og ungmenni verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í frístundastarfinu. Starfsfólk skal þekkja einkenni kynferðislegrar áreitni og kynbundins ofbeldis og hvernig ber að bregðast við grun eða vissu um slíkt meðal barna eða ungmenna. Börnum og ungmönnum skal ætíð vera ljóst hver réttur þeirra er og hvert þeir geta leitað innan og utan frístundamiðstöðvarinnar komi slíkt upp.

Frístundamiðstöðin setur sér framkvæmdaáætlanir hvern vetur, þar sem fram koma skýr og vel skilgreind markmið í samræmi við Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þar sé árangursmat skýrt, eftirfylgni tryggð og ábyrgð ljós.

Framkvæmdaáætlun veturinn: 2019-2020

LAUNAJAFNRÉTTI

Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf og laun karla og kvenna skulu ákveðin á sama hátt.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf.	Öllum starfsmönnum standi til boða að fá þá yfirvinnu sem í boði er.	Framkvæmdastjóri	Allt árið Gerð skal úttekt á haustin og vorin.

AUGLÝSINGAR, RÁÐNINGAR OG ENDURMENNTUN

Laus störf skulu standa jafnt konum og körlum til boða og jöfn kynjahlutföll skulu höfð til hliðsjónar við ráðningar eftir því sem framast er unnt. Þess skal gætt að mismuna ekki á grundvelli kynferðis við úthlutun verkefna, við tilfærslu í starfi eða við önnur tækifæri sem bjóða upp á starfsþróun, óháð því hvort hún sé lárétt eða lóðrétt. Bæði kynin skulu hafa jafnt aðgengi að endurmenntun og starfsþjálfun.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Laus störf standi bæði konum og körlum til boða	Tryggja þarf við ráðningar að jöfn kynjahlutföll starfsmanna séu höfð til hliðsjónar.	Framkvæmdastjóri og deildarstjórar	Alltaf við ráðningar
Allir starfsmenn	Allir starfsmenn hafi	Framkvæmdastjóri	Við gerð



sem vinna sambærileg störf skulu hafa jafnan aðgang að starfsþróun og endurmenntun.	sömu möguleika til starfsþróunar og endurmenntunar.	og deildarstjórar	símenntunar áætlunar, við fastráðningar og tímabundnar ráðningar.
---	---	-------------------	---

JAFNVÆGI MILLI VINNU OG EINKALÍFS

Miðberg leggur áherslu á samræmi vinnu og einkalífs. Miðberg leggur áherslu á að veita starfsmönnum sveigjanleika í starfi þegar því verður við komið. Starfsmenn eru hvattir til að nýta sér fæðingarorlof og gert kleift að sinna veikum börnum sínum á jafnréttisgrundvelli.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að Miðberg veiti starfsfólki sveigjanleika til þess að sinna einka- og fjölskyldu lífi samhliða starfi.	Starfsmenn geti unnið sveigjanlega vinnutíma þegar því er við komið.	Framkvæmdastjóri og deildarstjórar.	Allt árið
Að foreldrar af báðum kynjum taki fæðingarorlof og sinni börnum í veikindum.	Starfsfólki kynnt réttindi sín og hvatt til þess að nýta þau.	Framkvæmdastjóri, deildarstjóri og forstöðumenn	Allt árið

EINELTI OG KYNFERÐISLEG ÁREITNI

Einelti og kynferðisleg áreitni er hegðun sem ekki er liðinn Miðbergi. Þjónustupegar og starfsfólk eiga að tilkynna um slíka hegðun og tafarlaust skal gripið til aðgerða ef tilkynningar berast.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Koma í veg fyrir að þjónustupegar og starfsfólk verði fyrir einelti eða kynferðislegri áreitni í starfi	Starfsfólk skal vera stöðugt vakandi fyrir einelti og kynferðislegri áreitni í starfi Miðbergs og grípa strax inn í ef grunur leikur á um óásættanlega hegðun.	Allir stjórnendur og starfsmenn	Allt árið

ÞJÓNUSTUHLUTVERK



Börn skulu eiga jafnan aðgang að frístundastarfi Miðbergs óháð kyni. Allt starfsfólk Miðbergs ber sameiginlega ábyrgð á því að aðgengi kynjanna að þjónustunni sé jafnt og að viðfangsefnin höfði jafnt til beggja kynja.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Efla jafnréttisþekkingu starfsfólks	Fræðsla um jafnréttismál verði inn í fræðsluáætlun Miðbergs.	Framkvæmdstjóri og deildarstjórar	Haust
Nemendur/ þjónustuþegar fá fræðslu um jafnréttismál	Starfstaðir bjóði upp á fræðslu um jafnréttismál. Starfsmenn taki umræðu um jafnréttismál með börnum og unglíngum.	Deildarstjórar, forstöðumenn og starfsfólk staðanna	Haust/Allt árið
Að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu	Starfsmenn gefa börnum rými til þess að tala um það sem þau hafa áhyggjur og áhuga á og veita þeim fræðslu og upplýsingar eftir því sem við á.	Forstöðumenn og starfsfólk staðanna	Allt árið
Að viðfangsefni höfði jafnt til beggja kynja	Greining á innihaldi og markmiði opin starfs og klúbbstarfs með það fyrir augum að koma í veg fyrir að það halli á annað kynið.	Deildarstjórar, forstöðumenn og starfsfólk staðanna.	Haustin
Að mæður og fedur taki jafnan þátt í starfinu. Starfsfólk útiloki ekki annað foreldri á grundvelli kyns	Foreldrum barna í starfi er velkomið að taka þátt í starfi barna sinna, óháð kyni. Rafrænar upplýsingar eru sendar á báða foreldra.	Forstöðumenn	Allt árið.

